

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

#### *Miðkrika, hesthúshverfi, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 9. mars 2023 tillögu að breytingu á deiliskipulagi í hesthúshverfinu í Miðkrika. Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýjum jarðstreng, Rimakotslínu 2, á uppdrætti og kafla 2.4 um veitur er bætt við í greinargerð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

#### *Skeggjastaðir land 10, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 9. mars 2023 tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Skeggjastaðir land 10. Heimilt verður m.a. að reisa íbúðarhús allt að 200 m<sup>2</sup> að stærð, skemmu allt að 200 m<sup>2</sup> að stærð og hesthús allt að 200 m<sup>2</sup> að stærð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Völlur 2, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 9. mars 2023 tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Vallarhorn. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir allt að 250 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi og allt að 300 m<sup>2</sup> skemmu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Uppsalar, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 9. mars 2023 tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Uppsölum. Breytingin felur í sér að gerð er ný lóð, Uppsalar 4 sem er 3 ha að stærð. Heimilt verður að byggja íbúðarhús/bílskúr, allt að 250 m<sup>2</sup>, gestahús allt að 50 m<sup>2</sup> og skemmu allt að 250 m<sup>2</sup>. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

#### *Rjómabúið, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 9. mars 2023 tillögu að deiliskipulagi í Bollakoti, n.t.t. á lóðinni „Rjómabúið“. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir gestahúsum ásamt þjónustuhúsi, að hámarki 5 hús. Mænishæð húsa er allt að 6 m m.v. gólfhæð. Aðkomuvegur verður frá Bollakotsvegi. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 25. apríl 2023.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Guðmundur Úlfar Gíslason**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 10. maí 2023